

Sp.

18. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Akureyrarbæ lán til aukningar Laxárvirkjuninni og raforkuveitu Akureyrar.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar, Steingrínur Aðalsteinsson.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 2½ milljón króna innlent lán fyrir Akureyrarkaupstað, til aukningar Laxárvirkjuninni og raforkuveitu Akureyrar, þó aldrei yfir 80% af stofnkostnaði aukningarinnar.

G r e i n a r g e r ð .

Ábyrgðarheimild sú, sem farið er fram á að fá hér samkvæmt ósk og samþykkt bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar, hefur tvisvar verið flutt hér áður, á vetrarþinginu og á sumarþinginu á þessu ári, með þeirri breytingu þó, að nú er ábyrgðarupphæðin allt að 2½ milljón króna, en var áður allt að 2 milljónum króna. Þessi hækkun er talin nauðsynleg vegna þess, að verðlag hefur hækkað til muna frá því er mál þetta var flutt hér síðast.

Að öðru leyti vísast til fyrri greinargerðar um fjárreiður rafveitunnar og virkjunarinnar.